

Ársfundur 2009

Skýrsla deildarforseta listkennsludeildar á ársfundi Listaháskólans 25. nóv. 2009

STARFSÁRIÐ 2008 – 2009

1. Fyrirkomulag náms- og kennsluhættir

Listkennslunámið er fræðinám til undirbúnings fyrir kennslu og miðlunar í listum í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt námskrá og til almennra fræðslustarfa. Er það að mörgu leyti einstakt í sinni röð þar sem listamenn úr öllum listgreinum koma saman og geta átt samtla um miðlun og kennslu í listum. Í náminu, sem er einungis staðnám, er leitast við að efla með listafólki færni og fræðilegan grunn til að miðla þekkingu sinni á ólíkum vettvangi, og leiða listverkefni bæði innan skólakerfisins og utan þess. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á starfi kennarans og fræðum um kennslu og miðlun; færni kennarans við skipulag náms, vali á kennsluaðferðum, námsgögnum og kennslugögnum, námsmati, greiningu á þörfum nemenda ásamt almennri þekkingu á skóla- og leiðtogastarfi.

Markmið Listaháskólans er að útskrifa kennara og leiðtoga sem hafa bæði mikla fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu og miðlunar. Með því að mennta listamenn til kennslustarfa vill skólinn efla hlut lifandi lista í fræðslu og menntun allra landsmanna og auka skilning á gildi skapandi hugsunar í öllu skólastarfi.

Námið var 60 eininga kennsluréttindanámi sem nemendur gátu tekið á 1 -2 árum og fengið með því akademísk réttindi til að sækja sér starfsleyfi til Menntamálaráðuneytisins sem kennari á gunn- og /eða framhaldsskólastigi.

Skólaárið 2008-09 voru skráðir nemendur í kennaranámi 54, þar af voru konur 40 (74%) og 14 karlar (26%). Opnað var fyrir umsóknir í desember 2007 og 17 nemendur, 12 konur og 5 karlar, hófu nám í janúar 2009.

Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var margbreytilegur eins og undanfarin ár. Áberandi fjölmennasti hópurinn var sem endranær sjónlistamenn en fæstir leikarar og dansarar. Nýr hópur listamanna bættist við á skólaárinu sem eru arkitektar og er það góð viðbót við fjölbreytta flóru deildarinnar. Í hópnum voru sex arkitektar, sex tónlistarmenn, fimm leikarar, tveir dansarar, grafískir hönnuðir, ljósmyndari, textillistamenn, leirkerasmiðir og fjölbreyttir myndlistarmenn.

Vorið 2009 útskrifuðust 24 listamenna með diploma í kennslufræði til kennsluréttinda, 19

konur og 5 karlar. Þeir voru: Andri Snær Þorvaldsson, Arndís Gísladóttir, Arnoddur Magnús Danks, Björk Guðnadóttir, Eggert Arnar Kaaber, Gunnar Már Pétursson, Harpa Dögg Kjartansdóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Ína Dóra Hjálmarsdóttir, Jóhanna Jakobsdóttir, Jóna Heiða Sigurlásdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Lauren Dorothy Hauser, Lilja Hauksdóttir, Linda Þorvaldsdóttir, Pálína Jónasdóttir, Ragnar Freyr Pálsson, Rakel María Axelsdóttir, Rakel Steinarsdóttir, Sari Maarit Cedergren, Þórdís Jóhannesdóttir, Þórey Jónsdóttir, Þórunn Inga Gísladóttir.

Umsækjendur fyrir skólaárið 2009-10 voru 60, þar af 31 í diplomanám og 29 í meistaranám. Af umsækjendum voru 48 konur og 12 karlar. Eftir umsóknarferli og viðtöl við umsækjendur hófu 23 einstaklingar nám, 16 meistaranemar og 7 diplomanemendur. Nemendur á yfirstandandi skólaári eru 50 alls, 37 konur og 13 karlar, eða sama hlutfall milli kynja og árið áður.

1. Kennarar og starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn við kennaranámið voru Arnþrúður Ösp Karlsdóttir forstöðumaður kennaranáms og Svanborg Matthíasdóttir umsjónarkennari kennaranema.

Umsjónakennarar námskeiða á skólaárinu 2008-09 voru 12 en ásamt þeim komu 18 gestafyrirlesarar, til viðbótar, inn á sínu sérsviði í þeim 17 námskeiðum í boði voru utan vettvangsnáms. Einn erlendur kennari, Heidi Christian Mullins, var gestakennari á vegum Fulbright stofnunarinnar, í kennslufræðum listgreinavorið 2009. Viðtökukennarar nemenda í vettvangsnámi voru 33 alls þar af 12 í grunnskóla og 21 í framhaldsskóla.

Stjórn kennaranáms fram til hausts 2009 var skipuð rektor og deildarforsetum annarra deilda. Fundir í stjórn kennaranáms og kennarafundir voru að jafnaði haldnir tvisvar á misseri.

2. Aðstaða

Aðstaða kennaranema er í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi. Í október 2006 voru nýjar kennslustofu teknar í notkun fyrir kennaranámið á 2. hæð í norðurenda hússins í Laugarnesi. Þar eru tvær kennslustofur, önnur þeirra rúmar fjölmenna fyrirlestra eða fundi og minni stofan hentar kennslu fyrir 15- 20 manna hópa. Báðar eru stofurnar vel búnar tækjum þ.e. tölvu, skjávarpa, hljómflutningstækjum og fleira ásamt nýlegum húsgögnum. Heimasvæði og vinnuaðstaða nemenda er nokkuð góð og er mikið notuð af nemendum. Haustið 2009 bættist svo þriðja og stærsta kennslustofan við sem hentar til bæði verkelegar og fræðilegarar kennslu.

3. Samstarf

Gott samstarf er við marga grunn- og framhaldsskóla í gegnum vettvangsnám nemenda, þó aðallega á stór- Reykjavíkusvæðinu. Samtarf við aðra háskóla og stofnanir hafa verið í lámarki undanfarin ár en unnið er að auknum samskiptum m.a. að koma á kennara- og nemendaskiptum við skóla í Evrópu og í gegnum sameiginlegt námskeið New York University og LHÍ. Eftirsóknarvert er að byggja upp nán og góð tengsl við listastofnanir landsins í tengslum við þróun og uppbyggingu listmiðlunar og kennslu á nýjum sviðum.

4. Stefnumótun og framtíðarsýn

Skólaárið 2009 -10 er níunda skólaárið sem LHÍ býður kennaranám fyrir listamenn. Jafnframt er það fyrsta árið sem Listkennsludeild er formlega stofnuð og tekur við af kennaranáminu sem fyrir var.

Meistaránám í listkennslu er ný námsleið við Listaháskóla Íslands sem hófst haustið 2009. Námið er 120 ECTS eða fjögurra anna fullt staðnám. Námið er áfram fræðinám sem miðar að því að hjálfa listafólk til kennslu og leiðtogastarfa á sviði listkennslu og miðlunar ásamt því tryggja að nýsköpun í listum og listfræðum berist á milli skólastiga og viðhorf listamanna til listuppeldis fái notið sín. Meistaránámi í listkennslu lýkur með M.A. prófgráðu í listkennslu og veitir það akademísk réttindi til að sækja um lögvernduð réttindi til kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi til menntamálaráðuneytis. Fram til 1.júlí 2011 verða útskrifaðir nemendur með diploma til kennsluréttinda en í samræmi við lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, taka gildi. Eftir gildistöku þeirra laga skulu kennarar hafa a.m.k. fimm ára háskólamenntun að baki eða meistarargráðu í sinni grein.

Stefnt er að því að byggja upp samfélag listgreinakennara ásamt vettvangi fyrir símenntun (lifelong learning) listkennara og rannsóknarumhverfi við deildina, sem verður leiðandi í rannsóknum á sviði listkennslu og miðlun listgreina.

Fastir starfsmenn listkennsludeildar haustið 2009 eru: Kristín Valsdóttir deildarforseti, Svanborg Mattíasdóttir, deildarfulltrúi og umsjónakennari nemenda, Ásthildur Björg Jónsdóttir, aðjúnt í sjónlistakennslu og Vigdís Jakobsdóttir aðjúnt í leiklistarkennslu.

